

Auglýsing um friðland að Fjallabaki

Samkvæmt heimild í 21. gr.laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Landmannalaugar ásamt neðangreindu svæði milli Torfajökuls og Tungnaár og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Úr Hábarmi í hæsta tind Torfajökuls, í Háskerðing, í Laufafell, í tind í Rauðafossa-fjöllum, 1205 m. á hæð á korti Herforingjaráðsins frá 1969. Þaðan í Hrafnabjörg (tind 895 m) og áfram eftir háhrygg bjarganna. Úr norðaustanöxl bjarganna í hábungu Stóra-Melfells. Þaðan liggja mörkin un Einbúa skemmstu leið að Tungnaá nálægt Bjallavaði. Síðan með Tungnaá að Kirkjufellsósi og áfram upp með ósnum að upptökum í Kirkjufellssvatni. Þaðan með afréttarmörkum í Hábarm.

Þessar reglur gilda um friðlandið:

1. Gangandi fólki er heimil för um friðlandið, enda fylgi það merktum stígum í Landmannalaugum og annastaðar þar sem það á við. För á hestum er aðeins heimil á merktum reiðslóðum og afmörkuðum áningarstöðum. Óheimilt er að beita hestum í Landmannalaugum og annars staðar þar sem [Umhverfisstofnun] kann að ákveða. Umferð véknúinna ökutækja er aðeins leyfð á akvegum og merktum slóðum á friðlandinu. Akstur vélsleða er heimil eftir sérstökum reglum sem [Umhverfisstofnun] setur.
2. Heimilt er ferðamönnum að tjalda á merktum tjaldsvæðum á friðlandinu, svo og meðfram viðurkenndum gönguleiðum, sbr. 27. gr. náttúruverndarlaga, en eigi annars staðar nema með sérstöku leyfi.
3. Skylt er öllum að ganga snyrtilega um friðlandið. Hvergi má þar fleygja rusli á víðavangi né grafa það niður, heldur skal flytja það í sorpgeymslur. Óheimilt er að vinna þar náttúruspjöll, svo sem skemma gróður, trufla dýralíf að óþörfu og hrófla við bergmyndunum. [Umhverfisstofnun] setur reglur um meðferð skotvopna. Aðgát skal höfð við alla meðferð elds.
4. Skylt er ferðamönnum að hlíta fyrirmælum gæslumanna friðlandsins. [Umhverfisstofnun] getur sett nánari reglur og leiðbeiningar um einstök atriði.
5. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask á friðlandinu er háð samþykki [Umhverfisstofnunar]. Um valdsvið sveitarstjórna hvað snertir mannvirkjagerð og jarðrask fer eftir 17. gr. náttúruverndarlaga og ákvæða skipulagslaga nr. 19/1964 með breytingum, skv. 1. gr. laga nr. 25/1972 og 1. gr. laga nr. 36/1978. Ferðafélagi Íslands skal þó heimilt að hafa þar áfram skála, enda sé staðsetning stærð og gerð mannvirkja háð leyfi stofnunarinnar.
6. Ákvæði 1.-3. Liðar reglna þessara haggja ekki rétti bænda til hefðbundinna nytja hins friðlýsta landsvæðis og skerða ekki heldur heimild þeirra til venjulegrar umferðar, dvalar eða athafna í sambandi við nýtingu nefndra landsnytja.

Með friðlýsingu þessari er engin afstaða tekin til þess hverjir séu eigendur lands þess sem hún tekur til eða eigi þar takmörkuð eignarréttindi.

Til ráðuneytis um stjórn friðlandsins skal skipa fimm manna nefnd og tilnefna Landmannahreppur, Holtahreppur, Rangárvallahreppur, Ferðafélag Íslands og [Náttúruvernd ríkisins] sinn fulltrúa hver. Fulltrúi [Umhverfisstofnun] er formaður nefndarinnar.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1979.

Ragnar Arnalds.

Runólfur Þórarinnsson